

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík
Stefán Hermannsson
Skúlatúni 2
105 Reykjavík

2000060037
0000; 9310

Reykjavík, 28. júlí 2000
/--

Efni: Breikkun Miklubrautar frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 26. júlí 2000 þar sem þess er farið á leit að Skipulagsstofnun endurskoði ákvörðun sína frá 14. júlí 2000 um að fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum breikkunar Miklubrautar frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi.

Reykjavíkurborg rökstyður ósk sína um endurskoðun ákvörðunar um matsskyldu með því m.a. að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi með bréfi dags. 24. júlí 2000 endurskoðað umsögn sína frá 30. júní 2000 sem ákvörðun um matsskyldu var m.a. byggð á og telji nú að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi í reynd tiltölulega litlar breytingar í för með sér á umhverfisáhrif umferðar um Miklubraut. Þá kemur fram í erindi Reykjavíkurborgar að framkvæmdaraðili geri ráð fyrir gerð hljóðmana sem hluta framkvæmdar og er það svar við þeirri ábendingu Hollustuverndar ríkisins sem kom fram í umsögn stofnunarinnar frá 7. júlí 2000 að eðlilegt sé að setja upp manir samhliða framkvæmdinni til að draga úr hávaða frá umferð. Í erindi Reykjavíkurborgar kemur einnig fram að endurskoði Skipulagsstofnun ákvörðun sína um að mat skuli fara fram verði gert deiliskipulag sem nái til framkvæmdasvæðisins og það auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Að fenginni nýrri umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er það mat Skipulagsstofnunar að forsendur fyrir ákvörðun um að fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum breikkunar Miklubrautar séu breyttar. Með því að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir framkvæmdasvæðið er einnig komið til móts við það álit Skipulagsstofnunar að kynna þurfi framkvæmdina á formlegan hátt og gefa þeim sem hagsmuna eiga að gæta kost á að gera athugasemdir.

Miðað við breyttar forsendur og með þeim aðgerðum sem Reykjavíkurborg hyggst grípa til vegna framkvæmda við breikkun Miklubrautar er það mat Skipulagsstofnunar að markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum megi ná án þess að fram fari formlegt mat samkvæmt lögnum.

Í ljósi breyttra forsendna, viðbótarupplýsinga og frekari skýringa sem fram koma í erindi Reykjavíkurborgar dags. 26. júlí 2000 hefur Skipulagsstofnun ákveðið að breyta ákvörðun sinni sem tekin var 14. júlí 2000 í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum um að mat skuli fara fram á umhverfisáhrifum breikkunar Miklubrautar frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi enda verði gert deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæðið þar sem fram komi fyrirkomulag allra framkvæmda þ.á.m. mótvægisáðgerða eins og hljóðmana.

Framkvæmdir við breikkun Miklubrautar frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. ágúst 2000.

Stefán Thors

Afrit:
Umhverfisráðuneytið
Borgarráð
Heilbrigðiseftirlit reykjavíkur
Hollustuvernd ríkisins